



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

31. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu á Borg, fimmtudaginn 12. febrúar 2026 kl. 08:30.

Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Þorkell Þorkelsson

Aðrir fundarmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

Fjóla S. Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, deildarstjóri veitna

Steinar Sigurjónsson, deildarstjóri framkvæmda, mannvirkja og umhverfis

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Framkvæmdir og fjárfestingar 2026

Farið yfir stöðuna á þeim verkefnum sem eru á framkvæmda- og fjárhagsáætlun ársins 2026.

Lagt fram til kynningar.

2. Íþróttamiðstöð á Borg – Infrarauðir panelar í yoga sal

Lögð fram tilboð í infrarauða panela í yoga sal íþróttamiðstöðvar.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að Agnari Þór Helgasyni forstöðumanni íþróttamannvirkja verði falið að ljúka málinu í samráði við deildarstjóra framkvæmda, mannvirkja og umhverfis.

3. Vegtenging við lóðina Þinggerði 1

Fyrir liggja drög að minnisblaði varðandi beiðni um undanþágu frá veghönnunarreglum vegna fyrirhugaðrar vegtengingar við lóðina Þinggerði 1.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að minnisblaðið verði sent Vegagerðinni. Jafnframt leggur framkvæmda- og veitunefnd til að óskað verði eftir að hámarkshraði á Sólheimavegi verði lækkaður í 50 km/klst á þessu svæði í samræmi við ósk um lækkun á hámarkshraða í gegnum þéttbýlið á Borg.

4. Hjóla- og göngustígar meðfram stofn og tengivegum

a. Verkfundargerð nr. 1

Verkfundargerð nr. 1 dags. 14.01.2026 lögð fram til kynningar.

b. Verkfundargerð nr. 2

Verkfundargerð nr. 2 dags. 28.01.2026 lögð fram til kynningar.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningsshrepps

5. Skógartún

a. Fundargerð frá fundi vegna útboðs á Skógartúni

Fyrir liggur fundargerð dags. 28.01.2026 frá fundi fulltrúa sveitarfélagsins með Eflu um útboð á Skógartúni.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b. Útboðsgögn

Fyrir liggja útboðsgögn vegna Skógartúns.

Framkvæmda- og veitunefnd gerir ekki athugasemd við útboðsgögnin og leggur til að verkið verði boðið út.

6. Kaldárhöfði – Beiðni um undanþágu til umhverfis- orku og loftslagsráðuneytis

Fyrir liggur beiðni um undanþágu fyrir starfsleyfisskyldum atvinnurekstri sem kann að hafa í för með sér mengun, skv. 16. gr. reglugerðar um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006. Í beiðninni er farið þess á leit að umhverfis-, orku og loftslagsráðherra veiti Grímsnes- og Grafningsshreppi undanþágu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og svæðinu. Framkvæmdaaðili er Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.

Lagt fram til kynningar.

7. Minnisblað um úrgangsmál 2025

Fyrir liggur minnisblað Steinars Sigurjónssonar dags. 10.02.2026 um úrgangsmál 2025 og þróun úrgangs. Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir helstu tölum er varða magn úrgangs árið 2025 samanborið við árin 2023 og 2024. Í minnisblaðinu kemur fram að heildarúrgangur hefur aukist umtalsvert á síðustu árum, en jafnframt er flokkun að batna í lykilflokkum.

Lagt fram til kynningar.

8. Minnisblað um yfirferð á váttryggingum, töxtum og iðgjöldum 2026

Fyrir liggur minnisblað Guðmundar Marinó Ásgrímssonar hjá Consello dags. 9.2.2026 um yfirferð á váttryggingum, töxtum og iðgjöldum.

Lagt fram til kynningar.

9. Skýrsla um innivist í Kerhólsskóla

Fyrir liggur skýrsla frá Verksýn dags. 11.2.2026 vegna greininga á innivist í Kerhólsskóla og stjórnsýsluhúsi. Rakaskemmdir og ummerki um leka hafa komið fram í veggjum á báðum byggingunum.

Skýrslan lögð fram til kynningar. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að farið verði í nauðsynlegar úrbætur í samræmi við ráðleggingar skýrsluhöfunda. Steinari Sigurjónssyni, deildarstjóra framkvæmda, mannvirkja og umhverfis falið að vinna málið áfram í samráði við sveitarstjóra.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:40